



Til fjárlaganefndar.

Reykjavík 19. október 2023

2310214

0.20

Efni: Löggæsla á Alþingi

Á fjárlögum líðandi árs fékk ríkislögreglustjóri fjárveitingu til að sinna löggæslu á Alþingi en samkvæmt 21. gr. reglugerðar um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra nr. 325/2021 sinnir embættið verkefnum sem hafa það að markmiði að efla öryggi æðstu stjórnar ríkisins samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga. Þjónustusamningur var undirritaður af skrifstofustjóra Alþingis og ríkislögreglustjóra en samningurinn fellur sjálfkrafa úr gildi ef ekki er gert fyrir ráð fyrir honum í fjárheimildum.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er ekki gert ráð fyrir fjárheimild til öryggisgæslu lögreglumanna á Alþingi í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024. Hér með er óskað eftir því að úr því verði bætt og embætti ríkislögreglustjóra fái áfram sömu fjárveitingu og fyrir líðandi ár til að sinna þessu hlutverki sínu.

FORSETI ALÞINGIS